

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2022 (til 2024)¹

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 3. febrúar 2022

Heiti verkefnisins	Fiðringur, hæfileikakeppni grunnskóla á Norðurlandi eystra
Númer verkefnis ²	2022-08
Markmið	<p>Markmiðið er að innleiða árlega hæfileikakeppni meðal grunnskólanemenda á Norðurlandi eystra í anda Skrekks í Reykjavík og Skjálftans á Suðurlandi.</p> <p>Í 30 ár hafa krakkar utan Reykjavíkur horft með öfundaraugum á Skrekks ævintýrið vaxa og dafna og margir óskað sér þess að geta tekið þátt. Nú látum við þann draum verða að veruleika og þjálfum börnin í lýðræðislegum vinnubrögðum, skapandi hugsunarhætti, samvinnu og svo mörgu öðru um leið og við gefum þeim tækifæri á að skapa góðar minningar á unglingastigi sem nær hámarki í undankeppnum svæðanna og svo úrslitakeppni í HOFI þar sem ungmennin ávarpa samtímann "í beinni".</p> <p>Markmið Fiðrings eru:</p> <ul style="list-style-type: none">• Að stuðla að listsköpun ungmenna og hvetja þau til að semja, æfa og flytja sína eigin frumsköpun.• Að leiðbeina ungmennum í samvinnu, lýðræðislegri hugsun og ákvarðanatöku þegar kemur að því að velja milli hugmynda og gera þær að veruleika.• Að skapa vettvang fyrir ungmenni af öllu svæðinu að halda uppskeruhátíð og flytja verk sín á stóru sviði með öllum leikhústöfrunum.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Verkefnið snýst um það að innleiða í fyrsta sinn hæfileikakeppni grunnskólanna á Norðurlandi; Fiðring. Stefnt er að því að Fiðringur verði árviss hæfileikakeppni grunnskólanna á Norðurlandi eystra. Fyrsta árið yrðu það grunnskólar á Akureyri og nærsveitum sem tækju þátt en hluti af þessari umsókn er þróunar- og undirbúningsvinnan sem þarf að fara fram svo allir grunnskólar á svæði SSNE fái tækifæri til þátttöku.</p> <p>Fyrirmyndir Fiðrings eru hinn árlegi Skrekkur í Reykjavík og hinn eins árs gamli Skjálfti á Suðurlandi. Aðstandendur Skjálftans bjuggu til innleiðingarhandbók í sínu ferli við að koma Skjálftanum á legg. Handbók sem við fáum að njóta og nota.</p> <p>Sviðslistir eru ótrúlega sterkt verkfæri til að efla þroska. Í gegnum sviðslistir kynnist maður sjálfum sér betur, sínum takmörkunum og ótta en líka styrkleikum og hugrekki. Sviðslistir krefjast samvinnu og hlustunar og sköpunarhæfileikinn er eflur. Þeir krakkar sem tekið hafa þátt í Skrekk</p>

¹ Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.

	<p>nefna að sú þátttaka standi uppúr í minningabanka grunnskólans. Krakkahópurinn þéttist og eflist og ferlið allt er skemmtilegt og hápunkturinn að fá að sýna afrakstur eigin sköpunar á stóru, fullkomlega tæknibúnu sviði fyrir framan áhorfendur.</p> <p>Í reglum Fiðrings kemur skýrt fram að börnin eiga sjálf að búa til atriðið, leiðbeinandi sér um æfingar og þjálfun en hans helsta hlutverk er að vera krökkunum til halds og trausts og til að tryggja það að þeirra hugmyndir komist sem best til skila. Hvert atriði má vera hámark 6 mínútur að lengd, 35 manns er hámarksfjöldi keppenda per skóla og inni þeirri tölu er einn sviðsmaður, einn hljóðmaður og einn ljósamaður. Það má ekki mæma. Annars er dans, söngur, leikur, uppistand, gjörningur og hvaða bræðingur þessara listgreina sem er í boði.</p> <p>Í hverjum skóla sem tekur þátt er Fiðringur kynntur, þátttakendur bjóða sig fram og vinna að sinni listsköpun með leiðbeinanda fram að lokavöldinu. Leiðbeinandi fá námskeið áður en hafist er handa svo allir séu á sömu blaðsíðu. Hér er því jafnframt um þróun í starfi að ræða. Komið verður á legg hönnunarsamkeppni um baksviðspassa keppenda í öllum þátttökkuskólunum og kosning um Fiðringslagið 2022 fer fram meðal allra ungmennanna. Á Fiðringsdaginn koma allir hópar í HOF í tæknirennslu og svo er keppni um kvöldið þar sem dómnefnd skipuð fagfólki úr sviðslistum á NE velur besta Fiðringsatriðið. Þrjú efstu sætin verða verðlaunuð og farandbikar afhentur fyrir fyrsta sætið. Á keppninni verða tveir kynnar og tónlistaratriði flutt á meðan dómnefnd er að störfum. Gæsla verður í höndum félagsmiðstöðvanna. Í viðhengi er verkáætlun með nánari útlístu. Samtal er í gangi við RÚV um að taka keppnina upp og sjónvarpa, jafnvel sjónvarpa eða streyma beint.</p> <p>Í fyrstu atrennu snýst verkefnið um að innleiða leiðsögn og hæfileikakeppnina í 10 grunnskólum, Fiðringsdeginum 5. maí 2022 og vinna út frá því framkvæmdar og samvinnuþáttur þar sem öllum grunnskólum á svæðinu verður boðið til þátttöku með tilheyrandi leiðsögn, þjálfun, undankeppnum og gleði.</p> <p>María Pálsdóttir er frumkvöðull verkefnisins sem og verkefnastjóri þess ásamt Heru Jónsdóttur leiðbeinanda. María er leikkona, kennari og leiðsögumaður, stofnandi og eigandi HÆLISINS seturs um sögu Berklanna. Jafnframt er hún skólustjóri Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar. Hera er menntaður leiklistarkennari og síðast en ekki síst með þrefalda þátttökureynslu í Skrekk sem grunnskólanemi, sem leiðbeinandi Skrekkshóps og sem starfsmaður félagsmiðstöðvar á keppniskvöldi.</p> <p>Forsendur þess að verkefnið verði að veruleika og lifi áfram er farsælt samtarf milli Menningarfélagsins, grunnskóla og félagsmiðstöðva, sá grunnur verður lagður með því verkefni sem hér er sóttur styrkur fyrir.</p> <p>Ítarlegri verk- og kostnaðaráætlun má finna í viðhengi.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Framkvæmdaaðili	Menningarfélag Akureyrar
Samstarfsaðilar	Akureyrarbær, grunnskólar og félagsmiðstöðvar á svæði SSNE, félagsheimili/samkomuhús á svæðinu.

Tengsl við sóknaráætlun	<p>Í kafla menningar í Sóknaráætlun segir:</p> <p>Styðja verkefnabundið samstarf ólíkra menningarstofnana og segja má að Menningarfélagið og grunnskólarnir séu þarna að tengjast með sterkum hætti sem styður jafnframt við aðgerðaráætlun Sóknaráætlunar þar sem sérstaklega er tiltekið að efla eigi samstarf skóla við menningarstofnanir á svæðinu.</p> <p>Efla barnamenningu með ólíkum menningarviðburðum fyrir börn og ungmenni, og þetta er nákvæmlega það sem við gerum í Fiðringi.</p> <p>Efla grasrótarstarf í listum. Fiðringur mun pottþétt hafa áhrif á þátttakendur svo þeir efla grasrótina er þeir vaxa úr grasi.</p> <p>Fjölga listnámskeiðum og listasmiðjum á svæðinu. Hver skóli heldur Fiðringsnámskeið/listasmiðju og útkoman er atriði sem keppir á Fiðringi.</p> <p>Auka sýnileika og tækifæri ólíkra hópa samfélagsins í menningarstarfi. Börn sem hópur mega vera sýnilegri í menningarstarfi og hér opnast svo sannarlega tækifæri til þess.</p>
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Ferli og afurð Fiðrings hefur mikil tengsl við heimsmarkmiðin, má þar nefna:</p> <p>4.4: Að eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.</p> <p>4.7: Að eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.</p> <p>17.17: Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirruði.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Fjöldi skóla sem tekur þátt Fjöldi grunnskólanema sem tekur þátt.</p>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<p>Hvers kyns listsköpun og skapandi greinar eru lykilatriði fyrir framtíðarkynslóðir sem munu búa við flóknari og tæknivæddari heim en forfeðrar þeirra. Það þarf frjóan huga og skapandi hugsun til að takast á við krefjandi verkefni framtíðarinnar. Í Fiðringsferlinu fá krakkar tækifæri til að æfa sköpunarvöðvann, vinna lýðræðislega saman við að velja hugmynd og</p>

	<p>þróa hana, æfa og að lokum flytja. Samfélag þar sem leiklist, tónlist, dans og hvers konar list er samofin skólagöngu eflir heildina.</p> <p>Bein lokaafurð þessa verkefnis er árleg hæfileikakeppni grunnskóla á Norðurlandi eystra sem fram fer í HOFI vor hvert. Fyrsta árið eru það skólar á Akureyri og í nærsveitum sem taka þátt en stefnt er að þátttöku sem flestra grunnskóla í landshlutanum árið eftir, grunnur að þeim möguleika verður lagður með þessu verkefni.</p> <p>Ávinningur samfélagsins verður gríðarlegur. Hér fær ungt fólk rödd og tækifæri til að ávarpa samtímann. Ávinningur felst í valdeflingu ungs fólks, auknu menningarlæsi og vonandi fleiri atvinnulistamönnum í framtíðinni. Verkefnið sýnir krökkum sem liggur eitthvað á hjarta að leikhúsið er opinn vettvangur sem getur nýst þeim til að tjá sig.</p> <p>Þá má ekki gleyma ávinningnum sem felst í því að krakkar í Fiðringi fá jafnframt tækifæri til að prófa sig áfram í hinum ýmsu verklegu greinum og upplifa mikilvægi þeirra fyrir heildina. Sérhver hugmynd, sérhvert atriði þarfnast tæknifólks; hljóðgúrúa, ljósameistara, sviðsmanna og tæknibrellugrallara, svo ekki sé talað um hár- og förðunarfolk, leikgerva- og búningafolk, samfélagsmiðlasnillinga, sviðsmyndar- og myndlistartöfara, peppara og leiðtoga. Svo stórt samvinnuverkefni gefur nemendum tækifæri á að auka samvinnu- og samskiptahæfni sína sem er ómetanlega dýrmætt fyrir alla framtíð þeirra og á eftir að koma þeim vel í hvers kyns störfum.</p> <p>Samtal er í gangi við RÚV um að taka keppnina upp og sjónvarpa.</p>
Upphaf og lok verkefnis	<p>Markmið okkar er að Fiðringur fari af stað í minni útgáfu í vor og að við öðlumst með þeim hætti dýrmæta reynslu til að undirbúa og byggja undir þátttöku allra grunnskóla á næsta ári. Til að þessi draumur geti orðið að veruleika höfum við nú þegar hafið samtöl við mögulega samstarfsaðila. Við erum byrjuð að ræða við Karl Frímannsson sviðsstjóra fræðsludeildar Akureyrar, skólastjóra grunnskólanna 7 á Akureyri, auk Hrafnagilsskóla, Valsársskóla og Þelamerkurskóla. Samstarf og vilyrði við MAK er gott, t.d. varðandi tímavinnuframlag og boð um að Fiðringur fari fram 4. maí í HOFI.</p> <p>Næstu skref þegar fjármögnun er ljós eru eftirfarandi hér er stiklað á stóru, sjá nánar í viðhengi):</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Námskeið fyrir leiðbeinendur í þáttökuskólum 2. Hugmyndavinna og æfingar með ungmennum 3. Viðburðurinn Fiðringur 5. maí 2022 4.-5. Þróun á undirbúnings- og þróunarferlinu útfrá reynslu --> útfærslur unnar fyrir Fiðring landshlutans 4.-5. Samtal við fræðslustjóra, skólastjóra og aðra hagaðila á Norðurlandi eystra um fyrirkomulag 6. Samningar og skipulag með skólum og félagsmiðstöðvum landshlutans, MAK, félagsheimili, fræðslu- og æskulýðsfulltrúm sveitarfélaga, rútuþyrirtækjum o.s.frv.

	<p>Lok verkefnis: Útfærslur fyrir Fiðring 2023 með þátttökumöguleika fyrir alla grunnskóla landshlutans klár.</p> <p>Fiðringur á Norðurlandi er vonandi kominn til að vera og verður árlegur viðburður.</p>
<p>Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)</p>	<p>2022 =8.321.000 2023= 7.921.000 (búið að hanna lógó og farandbikar) (+ vísitöluhækkun) 2024= 7.921.000 (+ vísitöluhækkun)</p>
<p>Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)</p>	<p>3.000.000 kr.</p>
<p>Mótframlag (ef við á)</p>	<p>Menningarfélag Akureyrar leggur til húsnæði að verðmæti 570.000 kr, Grunnskólar leggja til laun leiðbeinanda, þáttökugjald, rútur og efniskostnað að verðmæti = 4.590.000</p>
<p>Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)</p>	<p>Verkefnið styður við Stefnumótandi byggðaáætlun ríkisins en þar er lögð áhersla á að börn og ungmenni fái aðgang að menningu og listum óháð búsetu og efnahag, svo sem með auknu framboði á vönduðum og fjölbreyttum listviðburðum.</p> <p>Fiðringur styður við Menningarstefnu stjórnvalda þar sem lögð er áhersla á að framboð á menningu fyrir börn og ungmenni verði eflað og stuðlað að þátttöku þeirra.</p>